



Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Síða 1 af 2		
Hjúkrun HJÚ 503		
Námsáætlun vorönn 2016		

Kennari	Inga Björg Ólafsdóttir	Sk.st.	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfanga- markmið/ viðfangs- efni:	<p>Meginmarkmið Að nemandi kynnist hugmyndafræði fjölskyldu- og heilsugæsluhjúkrunar með forvarnir að leiðarljósi. Að nemandi þekki áhrif geðraskana á einstaklinga og fjölskyldur og kynnist þróun og meðferðarformum algengra geðsjúkdóma.</p> <p>Áfangalýsing Í áfanganum er lögð áhersla á heildarhyggju. Fjallað er um hugtök og kenningar í fjölskylduhjúkrun. Farið er í kenningar um þroskaferil fjölskyldunnar, þarfir og verkefni fjölskyldumeðlima á ýmsum þroskastigum. Hugtök og kenningar í tengslum við barneignir eru kynntar. Farið er í hugmyndafræði heilsueflingar og hjúkrunarviðfangsefni í tengslum við fjölskyldu- og heilsugæsluhjúkrun. Fjallað er um meðgöngu, fæðingu og þroska barna og unglunga. Farið er í ofbeldi í fjölskyldum og afleiðingar þess. Fjallað er um barnahjúkrun og áhrif sjúkdóma á þroska og afkomu fjölskyldunnar. Hugmyndafræði geðhjúkrunar er kynnt. Fjallað er um algengar geðraskanir, forvarnir, meðferð og endurhæfingu geðsjúkra með áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun.</p> <p>Áfangamarkmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekkja helstu kenningar um þroskaferli fjölskyldunnar og viðfangsefni á mismunandi þroskastigum • Geta gert grein fyrir hugmyndafræði heilsueflingar og heilbrigðisfræðslu • Þekkja eðlilegt barneignarferli og frávik • Þekkja eðlilegan vöxt og þroska barna og unglunga • Þekkja ýmis einkenni ofbeldis innan fjölskyldu og afleiðingar þess • Vera færir um að greina og túlka áhættur í umhverfi barna og unglunga • Þekkja viðbrögð barna og unglunga við sjúkdómum og vanheilsu • Geta mætt mismunandi hjúkrunarþörfum barna og unglunga • Þekkja þær breytingar sem verða hjá fjölskyldum þegar barn þarf vistun á stofnun • Þekkja þörfina á þverfaglegri samvinnu í fjölskylduhjúkrun • Þekkja meginhugtök í geðhjúkrun og hafi yfirsýn yfir algeng meðferðarform • Geta greint frá helstu þáttum er tengjast hugmyndafræði geðhjúkrunar
---	---

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Hjúkrun HJÚ 503 Námsáætlun vorönn 2016	

Tegund	Námsgögn
Kennslubók	Bókin um barnið (með þeim fyrirvara að nemendur geti fengið hana lánaða). Meðganga og fæðing Ýmis ljósrit frá kennara og ýmsar vefsíður notaðar, t.d. http://www.doktor.is og http://www.ljosmodir.is
Ljósrit	Ýmsar greinar og verkefni.

Vika	Námsefni
1 - 3	Verknám nemenda.
4 - 6	Þroskaferill fjölskyldunnar. Þroskaverkefni fjölskyldunnar Fjölskyldumynstur. Að leggja rækt við fjölskylduna
7 - 8	Meðganga og fæðing. Fósturþroski Meðganga og mæðravernd. Stig fæðingar Brjóstgjöf. Fæðingarpunglyndi
9 - 11	Þroski barna. Eðlilegur þroski barna Þroskafrávik. Börn með sérþarfir
12	Þáskafri.
13 - 15	Barnasjúkdómar. Helstu barnasjúkdómar Áhrif veika barnsins á fjölskylduna Áhrif veikinda og sjúkrahúsdvalar á barnið
15 - 18	Geðsjúkdómar. Meginhugtök í geðhjúkrun og algeng meðferðarform Hugmyndafræði geðhjúkrunar

Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Ritgerð	Viðtalsritgerð 8-12 blaðsíður	50%
Skyndipróf	Tvö próf á önninni	30%
Frammistaða á önn	Útdráttur úr reynslusögu.	5%
Frammistaða á önn	Heimaverkefni tvö til þrjú.	10%
Frammistaða á önn	Kynning	5 %

Nemandi þarf að ná 4.5 í einkunn á annarprófum og ritgerð til að standast áfangann og aðrir þættir námsmats gildi.

Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning: 25. jan 2016
Inga B. Ólafsd.

Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils